

www.live.is

Viltu fá fróðleiksmola og nýjustu fréttirnar í tölvupósti?

Skráðu þig á póstlista LV á www.live.is

Lífeyrisréttindi

Lífeyrisþegar

Séreignarsparnaður

Nýr sjóðfélagi

Sjóðfélagalán

Ímyndanar / LV / Premium-Pixel

NÁNARI UPPLÝSINGAR

- » www.live.is – Upplýsingar um þjónustu og starfsemi sjóðsins.
- » **Sjóðfélagavefur** – Aðgengilegar upplýsingar um réttindi og stöðu lána. Hægt er að fá aðgangsorð sent í netbanka eða með pósti á lögheimili viðkomandi sjóðfélaga.
- » **Skrifstofa sjóðsins** – Starfsfólk þjónustuvers veitir sjóðfélögum upplýsingar um þjónustu sjóðsins.



Sjóðfélögum stendur til boða sjóðfélagalán, sem geta hentað vel til fjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða öðrum stærri fjárfestingum.

- » Lánstími er sveigjanlegur, frá 5 til 40 árum
- » Lánin eru endurgreidd með jöfnum greiðslum (annuitet) eða jöfnum afborgunum af höfuðstól
- » Heimilt er að greiða lán upp að hluta eða öllu leyti án uppgreiðslugjalds

LÁNSRÉTTUR

Lánsrétt eiga sjóðfélagar sem hafa greitt iðgjöld til sjóðsins í 4 af síðustu 6 mánuðum, að uppfylltum öðrum skilyrðum lánareglna.

LÁNSFJÁRHÆÐ

Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir, að viðbættu láni sjóðsins, mega ekki vera umfram 65% af metnu markaðsverði. Verðmat er samkvæmt mati löggilts fasteignasala eða annars sérfróðs aðila. Áskilinn er réttur til að óska eftir greiðslumati lántaka við mat á lánsúmsókn.

VEÐTRYGGING

Lánað er gegn fasteignaveði í íbúðarhúsnæði lántaka, maka hans eða aðila sem hann er í óvígðri sambúð eða staðfestri samvist með.

LÁNSÚMSÓKN OG FYLGIGÖGN

Lánsúmsókn er aðgengileg á vef sjóðsins og á skrifstofu hans, ásamt yfirliti yfir umbeðin fylgigögn.

ÁBENDING

Lántöku fylgir ávallt kostnaður og ábyrgð. Áður en ákvörðun er tekin um lántöku er mikilvægt að hver og einn meti aðstæður sínar og forsendur fyrir lántöku.

Á vef sjóðsins eru aðgengilegar reiknivélar sem sýna útreikning láns, greiðslubyrði og áætlaðan vaxtakostnað, miðað við forsendur hvers og eins.

VAXTAKJÖR

Sjóðfélagalán eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Upplýsingar um vaxtaprósentu er að finna á vef sjóðsins og í lánareglum.

FASTIR EÐA BREYTILEGIR VEXTIR


- » Fastir vextir haldast óbreyttir út lánstímann
- » Breytilegir vextir taka breytingum 15. hvers mánaðar, í samræmi við ákvæði lánareglna sjóðsins og fylgja þróun vaxta á almennum markaði

Val er um lánstíma, frá 5 árum allt til 40 ára. Fjöldi gjalddaga eru 12 á ári, eða mánaðarlegar greiðslur.

Lán með föstum vöxtum: Hægt er að velja lán með föstum vöxtum ef það hvílir á 1. veðrétti. Velja má á milli lána með jöfnum greiðslum (annuitet) eða jöfnum afborgunum.

Lán með breytilegum vöxtum: Einungis er hægt að velja breytilega vexti ef lán er með jöfnum afborgunum. Þá skiptir ekki máli á hvaða veðrétti lánið hvílir.

Jafngreiðslulán (annuitet)	Jafnar afborganir
Jafngreiðslulán (annuitet) þýðir að greiðslur sem þú innir af hendi eru jafnháar út lánstímann, en taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Hins vegar er vægi afborgana og vaxta breytilegt. Höfuðstóll greiðist hægar niður en á láni með jöfnum afborgunum.	Á lánum með jöfnum afborgunum er höfuðstóllinn alltaf greiddur jafn mikið niður við hverja greiðslu. Greiðslubyrði er þannig þyngst í upphafi en léttist eftir því sem líður á lánstímann.



Myndirnar sýna báðar 4.000.000 kr. lán til 25 ára. Athygli er vakin á að myndirnar sýna greiðslubyrði lána án verðbólgu.